

## **Tillaga vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiði tímabilið 2016-2017.**

Undirrituð leggja til við bæjarstjórn að samþykkt verði svofelld ályktun um byggðakvóta og send Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Við úthlutun byggðakvóta verði fullt tillit tekið til þess afla sem er fluttur að til vinnslu í Stykkishólmi vegna þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr. reglugerðar 641, 8. júlí 2016.

- a) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í **Stykkishólmi og aðflutts botnfiskafla til vinnslu í Stykkishólmi** í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið. á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur til þess niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun í samræmi við skiptingu samkvæmt úthlutunarreglum.
- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er **eða fluttur til vinnslu í Stykkishólmi** af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi byggðarlags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- c) Ákvæði 3. mgr. 4. gr. breytist og verður: Réttindi til úthlutunar fylgja skipi nema ef eigandi eða leigutaki fiskiskips sbr.1.gr. hefur endurnýjað fiskiskip sitt til að stunda fiskveiðar á fiskveiðiarinu 2015/2016, þá getur hann í umsókn sinni óskað eftir að við úthlutun aflamarks færist áunninn réttindi hins eldra skips til hins nýja.

Stykkishólmi 15.09.2016

Sturla Böðvarsson